

Kínverskar myndir

行雲行止一九八六年十月酒泉



KJARVALSSTAÐIR 15. - 22. febrúar 1986

Sigild kinversk myndlistarhefð á sér djúpar sögulegar rætur og hefur skapað sér form, sem er sérstætt og lýtur sínum eigin fagur-frædilegum lögum. Sannleikurinn er sá, að saga kinverskrar málaralistar er jafnlöng sögu kinverskrar menningar. Allt frá dögum Tang-keisaraættarinnar (618-907) hefur þessi myndlist greinst í ýmsar tegundir eins og mannamyndir, landslag, blóma- og fugla-myndir, en samtímis hafa aðferðir breyst og þróast t.d. í meðferð vatnslita og túss. Hér risu upp margir skólar og stefnur og málara-listin varð útbreiðd.

Kinverskir málarar í dag standa andspænis þessari hefð, sem á að örva þá og innblása, en ekki hefta og fjötra - við að skapa ný verk, sem í senn eru í anda þessarar merku menningarárfleifar, en um leið verk síns tíma og boðberar næstu tíma.


Eftir stofnun kinverska alþýðulýðveldisins 1949 hafa stjórnvöld lagt mikla rækt við myndlist. Bæði í Beijing og öðrum stórborgum hafa risið upp myndlistarskólar, svo og í hinum ýmsu fylkjum landsins. Fjöldi hinna hæfileikamestu myndlistarmanna hefur starf- að við þessar stofnanir, þar sem í senn er haegt að einbeita sér við nám og síðar við skapandi starf. Verk þeirra eru mikilvægur þáttur í nútímalist Kinverja. Þau 80 verk, unnin í hefðbundnum stil, sem hér eru sýnd, eru hingað komin frá Myndlistarstofnun Shaanxi-fylkis.

Shaanxi-fylkið er í Norðvestur-Kina. Höfuðborgin er Xian, sem fyrr á öldum het Changan. Frá 11. öld fyrir Krist fram til 10. aldar eftir Krist var borgin höfuðborg. Zhon, Suin, Han, Sui og Tang-ættanna, og þannig um langt skeið höfuðborg alls Kínaveldis. Hér var líka brottfararstadir þeirra, sem lögðu leið sina eftir hinum fræga „Silkivegi“, verslunarleiðinni milli Kína og Vesturlanda. Shaanxi var hjarta þess hluta landsins þar sem hin forna kinverska hámenning varð til, og náið mestum blóma. Þessa sér merki í dag, að nútínamenning fylkisins á sér djúpar rætur.

Fjöldi hæfileikamanna er tengdur Shaanxi-myndlistarstofnuninni. Þeir leita oft út í náttúruna til að skoða og bregða upp mynd af þeiri fegurð sem fyrir augu ber og eins sækja þeir hugmyndir og innblástur hjá því folki sem býr við Gula-fjót, í Quinling-fjöllum og á Huang Tu-sléttunni. Áhrif sækja þeir í gömul kinversk málverk, i þjóðlífsmyndir sem og í málaralist annarra þjóða.

Þeir málarar sem eiga myndir á þessari sýningu eru ólikir og hver á sér sinn stil, en öllum er þeim þó sameiginlegt að lýsa með einföldum og skýrum hætti, af heiðarleik og einlægni, og með ómótmælanlegum lífsþrótti lifinu og lifsháttum þar sem þessar myndir hafa orðið til.

Á þessu ári eru liðin 15 ár frá því að opinbert stjórnmálasamband var tekið upp milli Kína og Íslands. Á þessum tíma hafa menn- ingarskipti landanna aukist mjög með gagnkvæmum heimsóknum og ýmsum listviðburðum. Skoða má þessa sýningu sem verðugan áfanga í ágætum samskiptum þessara tveggja landa.



LUO MING, sem einnig er kallaður Xifu, er fæddur 1912 í Puning í Guandong-fylki í Suður Kina. Á æskuárum nam hann við Changming-listaskólanne í Shanghai og varð síðan kennari í myndlist í Shantou. Hann hefur ferðast til Thailands, Malaysiu, Singapore, Indonésiu og Hongkong og hafa verk hans verið sýnd á öllum þessum stöðum.

Luo Ming er framúrskarandi landslagsmálar, en jafnvígur á blóma- og fuglamyndir. Handbragð hans þykir kraftmikið, með löngum sterkum dráttum. Hann fer sinar eigin leiðir og hefur hlutið mikið hrós fyrir. Eftir að hann kom aftur til Kína hefur hann m.a. kennt við Aðal-myndlistaskólanne kinverska. Nú er hann professor við Myndlista-

NR.	HEITI	HÖFUNDUR	STÆRD
27.	Sólþirta	"	157,5 x 96
28.	Í kyrrið og ró	"	83 x 77
29.	Vorinu heilsað af fögnuði	"	69 x 67
30.	Fjallaskógar á hausti	"	84,5 x 51,5
31.	Háfjallalif er hollt og glatt	"	134 x 68
32.	Gilskorningarár	"	69 x 68,5
33.	Huashanfjall í skýjahillingum	"	154 x 115
34.	Þannig kemur Daning-flið fyrir sjónir	"	68,5 x 69
35.	Listamenn á Tang-tímanum	Xie Zhenou	159 x 98
36.	Mynd innoblásin af ljóði frá Tang-tímanum, ortu af Liu Yuxi	"	102 x 42
37.	Horft yfir Silkileiðina	"	81,5 x 54
38.	Gamalt virki í Suður-Shaanxi	Miao Zhongan	120 x 68,5
39.	Gamalt hof uppi í hæðunum	"	82 x 68
40.	Gömul ferja við Longmen	"	83,5 x 68,5
41.	Foss í Gulafljóti	"	178 x 165
42.	Cuihua í rigningu	"	82 x 50
43.	Fjallið Huashan	"	136 x 68
44.	Við Gulafljót	"	177 x 93,5
45.	Morgunstund í Lonyan-dalnum	"	177 x 92,5
46.	Viða seytlar í eina á	"	68 x 116
47.	Djúpar rætur og höfug blöð	"	67 x 115
48.	Það er verið að búa til brauðkollur	Wang Youzheng	191 x 113
49.	Cuicui, Lili og Jiaojiao	"	130 x 74
50.	Snemma vors	"	97 x 92
51.	Ömmu og mömmu þykir vænt um mig	"	114 x 109
53.	Skólastelpa	"	98 x 56,5
54.	Snjór	"	69 x 46



KANG SHIRAO fæddist 1921 í Beaisýslu í Henan-fylki og lést í mars 1985.

Pegar hann lést var hann formaður stjórnar Myndlistarstofnunar Shaanxi og formaður í Shaanxi-deild kínversku listmannasamtakanna. Einkum er hann þekktur fyrir blómamynndir sínar og fuglamynndir og myndir af þokkadísum fyrrí alda. Meðal virtustu verka hans eru „Fuglar í Bambusskógi“ og „Lótusblóm á hausstjórn“. Friskleiki og skýrleiki ein-kennir stil hans, svo og natni og nákvæmi útfærslunnar.

NR.	HEITI	HÖFUNDUR	STÆRD
55.	Stelpa í þorpinu	"	76 x 64,5
56.	Morgunn	"	37,5 x 47
57.	Bókabéusar	"	117 x 56
58.	Fjallaland í dagrenningu	Luo Pingan	126,5 x 67,5
59.	Nordur-Kína í bjarma fyrstu morgunsólar	"	94,5 x 69,5
60.	Það vorar	"	92 x 69,5
61.	Landslag	"	69 x 68,5
62.	Fancuan í mai	"	152 x 84
63.	Snjór í skógi	"	83 x 76,5
64.	Dögun í fjallaþorpinu	"	91,5 x 68,5
65.	Þorp á vori	"	83 x 76
66.	Shehe í gróandanum	"	83 x 76
67.	Bónðabær um haust	"	91 x 68
68.	Fjallið er sigrænt	Zhang Zhenxue	84,5 x 68
69.	Sigt í strauminn	"	68,5 x 65
70.	Silfurösp	"	68,5 x 59
71.	Landslag	"	68 x 51
72.	Fjöll	"	191 x 122
73.	Sólin ris yfir austurfjöllum	"	67,5 x 66,5
74.	Hafið er storkið	"	130 x 96,5
75.	Snævarmörk	"	68 x 69
76.	Nú er vedur gott	"	86,5 x 67,5
77.	Prestafiflar (krýsur)	Tian Zhuang	53 x 59
78.	Fjall	"	101,5 x 102
79.	Suona-leikarar frá Nordur-Shaanxi	"	67 x 44
80.	Fjallablóm	Guo Quanzhong	73 x 69
81.	Módir með son sinn	"	96 x 61
82.	Þorpsstúlkur	"	139 x 69



MIAO CHONGAN, sem er fæddur í Yuncheng í Shaanxi, hlaut menntun sína í Myndlistaskólanum í Xian og hefur síðan kennit við skólann. Hann er nú varaformáður Myndlistarstofnunarinnar og félagi í Myndlistarfélagi Kinverja. Aðalviðfangsefni hans er landslag og hann leggur sig fram um að lýsa náttúru- fegurð lands sins á lifandi, skýran og trú- verðugan hátt.



GUO QUANZHONG er fæddur árið 1944 í Baofeng-sýslu í Henan-fylki og nam list sína í Myndlistaskólanum í Xian, þar sem hann lagði einkum stund á tækni gömlu meistaranna.

Guo Quanzong er nú starfandi við Myndlistarstofnunina í Shaanxi og er félagi í Myndlistarfélagi Kinverja. Sér- svíð hans eru mannamyndir og er still hans borinn uppi af sterkum og breidum dráttum, sem gefa myndum hans svipmikinn skýrleika.



WANG YOUZHENG fæddist árið 1941 í Wangrong í Shaanxi og nam hinur fornu kinversku myndlistaraðferðir í skólanum í Xian. Hann er forstöðumaður sérstakrar vinnustofu „fyrir hönnun og sköpun“, sem heyrir undir Myndlistarstofnun Shaanxi, en sjálfur leggur hann mest stund á mannamyndir. Hann er og félagi í Myndlistarsamtökum Kinverja.

Verk hans eru gerð með fáum og út- úrdúralausum dráttum og eru það einkum þeir sem búa í Huang-Tu-sléttunni, sem hann lýsir með blaðbrigðaríkum hætti. Mynd hans, Hvisl, hlaut önnur verðlaun á stórra kinverskri yfirlitssýningu, sem haldin var til að minnast þess, að þejátíu ár voru liðin frá því að Nýja Kína varð til.




TIAN ZHUANG fæddist árið 1955 í Renqiu í Hebei-fylki. Árið 1982 lauk hann námi við Adal-myndlistaskólan kinverska, en starfar nú við Myndlistastofnun Shaanxi.

Tian Zhuang er tilraunamaður í list sinni og reynir að finna nýja farvegi í listsköpun sinni, en jafnframt speglar list hans mjög þá tíma, sem við lifum á.



XIE ZHENOU fæddist árið 1944 í bænum Wenzhou í Zhejiang-fylki. Hann er félagi í Myndlistasamtökum Kinverja og starfar sem listamaður á vegum Myndlistastofnunar Shaanxi. Hann fæst einkum við mannamyndir og þykja myndir hans blæbrigðaríkar og nákvæmar í stærri sem smærri dráttum. En blómamyrndir láta honum jafnvel.



LUO PINGAN er fæddur árið 1945 í Huangbei í Hubei-fylki. Hann stundaði nám sitt í skólanum í Xian og var þar nemandi Fang Jizhong í landslagsmyndum. Nú er hann starfandi listamaður í Shaanxi og meðlimur í Shaanxideild myndlistarsamtaka Kina.

Það er einkum landslagið, sem Luo Pingan hefur lagt rákt við í myndum sínum, sem þykja frisklegar og lifandi. Sérstakar ást hefur hann á því fólk, sem býr í fjöllunum í Sezuan og Shaanxi og þessu fólk og síðum þess hefur hann margoft lýst í myndum sínum.



CUI ZHENKUAN fæddist árið 1935 í Changan í Shaanxi-fylki. Hann lauk námi frá skólanum í Xian 1960. Um skeið starfaði hann að myndiðn í Handíasmíðju Xianborgar, en nú starfar hann á vegum Myndlistarstofnunar Shaanxi og hefur lagt sérstaka rækt við landslagemyndir. Hann er félagi í Shaanxi-deild Myndlistarsamtaka Kína.

Cui Zhenkuan málar á einfaldan máta og er still hans hreinn og umbúðalaus. Á seinni árum hefur hann leitast við að lýsa lifrænni orku náttúrunnar með þéttum dráttum og punktum.



ZHANG ZHENXUE fæddist 1939 og er fæðingarbær hans Chenggu í Shaanxi-fylki. Árið 1962 lauk hann námi frá Myndlistaskólanum í Xian og hefur síðan í 22 ár samfleyst stundað kennslu á unglingskólastigi. Hann ferðast mikil um í Quingling-fjöllunum og á sléttunum við Gulá og lætur því orðið mikil vel að lýsa landi og staðháttum í fjallahérudum Norð-vestur Kína. Eitt verka hans Ölgandi líf, hlaut 3. verðlaun á stóru kinversku yfirlitssýningunni. Hann starfar nú sem landslagsmálar við Shaanxi-myndlistastofnunina.

Að sýningunni standa Menntamálaráðuneytið og Sendiráð kinverska alþýðulýðveldisins, en hún er hingað komin fyrir milligöngu þess.

**Uppsetningu sýningarinnar
sá Steinþór Sigurðsson
listmálarí um.**